



**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 25. nóvember 2025  
FAS25010023

MINNISBLAÐ

Frumvarp að fjárhagsáætlun og uppfærð þjóðhagsspá Hagstofu Íslands

Forsendur frumvarps að fjárhagsáætlun 2026-2030 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birt var 25. mars sl. Þann 14. nóvember sl., birti Hagstofan uppfærða þjóðhagsspá um framvindu í efnahagsmálum næstu árin, sbr. eftirfarandi töflu:

| Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar |      |      |      |      |      |      |      |
|-------------------------------------------------|------|------|------|------|------|------|------|
| Breytingar milli ársmeðaltala %                 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 |
| Einkaneysla                                     | 0,9  | 3,2  | 2,4  | 3,0  | 2,8  | 2,7  | 2,6  |
| Samneysla                                       | 1,9  | 1,7  | 1,2  | 0,8  | 0,8  | 0,7  | 0,7  |
| Fjármunamyndun                                  | 7,6  | 5,6  | -3,8 | 2,4  | 0,7  | 3,0  | 3,3  |
| Útflutningur vöru og þjónustu                   | -2,3 | 1,4  | 0,1  | 4,7  | 2,6  | 2,2  | 2,2  |
| Innflutningur vöru og þjónustu                  | 4,0  | 5,3  | -3,0 | 2,5  | 1,1  | 2,0  | 2,0  |
| Verg landsframleiðsla                           | -1,0 | 1,7  | 1,8  | 3,2  | 2,4  | 2,4  | 2,4  |
| Atvinnuleysi, % af vinnuafli                    | 3,4  | 4,2  | 4,3  | 4,1  | 4,0  | 4,0  | 4,0  |
| Vísitala neysluverðs                            | 5,9  | 4,1  | 3,5  | 2,7  | 2,5  | 2,5  | 2,5  |
| Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)         | 0,0  | -4,6 | 0,2  | 0,0  | 0,0  | 0,0  | 0,0  |
| Próun launa                                     | 6,6  | 7,7  | 5,2  | 4,0  | 4,1  | 4,1  | 4,1  |

Taflan hér fyrir neðan sýnir frávik nýjustu þjóðhagsspár frá 14. nóv. og þeirri sem birt var í mars sl.

| Breyting m.v. áður birtar forsendur fjárhagsáætlunar |      |      |      |      |      |
|------------------------------------------------------|------|------|------|------|------|
| Breytingar milli ársmeðaltala %                      | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 |
| Einkaneysla                                          | -0,5 | 0,2  | 0,0  | 0,0  | 0,1  |
| Samneysla                                            | 0,0  | 0,0  | -0,3 | -0,4 | -0,4 |
| Fjármunamyndun                                       | 0,2  | -0,5 | -2,1 | 0,8  | 0,5  |
| Útflutningur vöru og þjónustu                        | -2,4 | 1,7  | 0,0  | -0,1 | 0,1  |
| Innflutningur vöru og þjónustu                       | -0,6 | 0,6  | -1,0 | 0,1  | 0,4  |
| Verg landsframleiðsla                                | -0,9 | 0,4  | -0,2 | 0,1  | 0,0  |
| Atvinnuleysi, % af vinnuafli                         | 0,2  | 0,1  | 0,0  | 0,0  | 0,0  |
| Vísitala neysluverðs                                 | 0,8  | 0,2  | 0,0  | 0,0  | 0,0  |
| Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)              | 0,2  | 0,0  | 0,0  | 0,0  | 0,0  |
| Próun launa                                          | 0,7  | 0,0  | 0,1  | 0,0  | 0,0  |

Helstu breytingar

Á undanförunum misserum hefur óvissa í efnahagsumhverfinu aukist. Í uppfærðri þjóðhagsspá Hagstofu fyrir árið 2026 er nú gert ráð fyrir minni hagvexti, hærri verðbólgu og auknu atvinnuleysi. Spáin tekur mið af dræmari útflutningshorfum í kjölfar ýmissa



rekstraráfalla undanfarinna mánaða. Jafnframt er vakin athygli á því að í uppfærðri spá er gert ráð fyrir 5,2% launaþróun á árinu 2026, sem er um 0,7 prósentustigum hærra en í þjóðhagsspá frá mars.

Helstu óvissupættir í spánni snúa að verðbólgu og vaxtastigi. Þá er enn óljóst hvaða áhrif rekstraráföll útflutningsgreina hafa á hagvöxt. Að auki er óvissa um þróun húsnæðisverðs í kjölfar dóms Hæstaréttar í vaxtamálinu og niðurstöðu virðismatsvegferðar KÍ.

Orkuveita Reykjavíkur lagði fram breytta fjárhagsspá fyrir árið 2026 þann 24. nóv sl. vegna þess að Norðurál, stærsti einstaki viðskiptavinur Orkuveitunnar, hefur upplýst félagið um að greiðslufall verði af hálfu fyrirtækisins vegna endurtekinna bilana í álveri þess á Grundartanga. Breytingar á fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur fela í sér:

- 1,0 milljarða króna lægri rekstrarhagnaður á yfirstandandi ári en í fyrri spá.
- Niðurskurð rekstrarkostnaðar um 2 milljarða króna á árinu 2026.
- 6 milljarða króna lækkun fjárfestinga á því ári.
- Lækkun arðgreiðslna um 2 milljarða króna á árinu 2026.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að tilefni sé til að endurskoða áætlun um arðgreiðslur í A-hluta til samræmis.

Áhrif breyttra forsenda í þjóðhagsspá Hagstofu á fjárhagsáætlun A-hluta eru metin eftirfarandi:

- **Vísitala neysliverðs:** Gert er ráð fyrir að vísitala neysliverðs hækki um 0,8 prósentustig frá marsspá Hagstofu og fari úr 2,7% í 3,5%. Hærri verðbólga hefur bein áhrif á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga, útsvarstekjur og verðbætur og vexti í fjármagnslið A-hluta. Aðrir liðir sem verðbólga kann að hafa áhrif á eru rekstrarútgjöld sviða.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að tilefni sé til að endurskoða áætlun um gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar, áætlun um fjármagnslið og spá um útsvarstekjur. Við úthlutun fjárhagsramma til sviða og stofnana voru almenn rekstrargjöld verðbætt að því marki sem útgjaldasvigrúm borgarinnar leyfði og gjaldskrár hækkaðar um 3,5%. Ekki er lagt til að verðbótum né gjaldskrár sé breytt.

- **Launaþróun:** Í nýrri spá Hagstofu er gert ráð fyrir að launaþróun verði 5,2% í stað 4,4%. Endurskoðuð forsenda um launavísitölu hefur áhrif á útsvarstekjuspá borgarinnar og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar. Vakin er athygli á að kjarabætur sviða taka mið af kostnaðarmati kjarasamninga.





Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að tilefni sé til að endurmeta spá um útsvarstekjur og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar út frá nýrri forsendu um launaþróun.

- **Vinnumarkaður:** Á næsta ári er gert ráð fyrir minni hagvexti eða 1,8% í stað 2,7%. Vakin er athygli á því að forsenda um hagvöxt er ekki notuð með beinum hætti við gerð fjárhagsáætlunar. Forsenda um vinnumagn er metin af fjármála- og áhættustýringarsviði og þar er horft til atvinnuleysis, íbúafjölgunar og fjölda starfandi. Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að endurskoða forsendu um vinnumagn út frá þróun framangreindra liða og gera ráð fyrir 1,0% aukningu milli ára í stað 1,2%.

### Samantekt

Ný þjóðhagsspá Hagstofu tekur mið af dræmari útflutningshorfum sem draga úr hagvexti næstu ára. Verðbólga hefur reynst þrálátari og horfur benda til aukins jafnvægis á vinnumarkaði, sem endurspeglast í hærri verðbólguspá og meira atvinnuleysi. Enn er töluvert um óvissupætti sem ekki er fyrirséð hvaða áhrif hafa á hagkerfið. Þannig eru vísbendingar um að útflutningsáföll síðustu missera hafi enn sem komið er haft takmörkuð áhrif á vinnumarkað og heimili í Reykjavík.

Þá hefur breytt fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur áhrif á arðgreiðslur til A-hluta til lækkunar um **1.871 m.kr.**

Heildaráhrif breyttrar fjárhagsspár Orkuveitu Reykjavíkur og nýrrar þjóðhagsspár Hagstofu á rekstrarniðurstöðu A-hluta eru metin neikvæð um **1.332 m.kr.** sem hefur í för með sér að rekstrarniðurstaðan lækkar úr **4.763 m.kr.** í **3.431 m.kr.** að öðru óbreyttu. Vakin er athygli á því að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar og verðbætur eru reiknaðir liðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi A-hluta og þ.m.t. veltufé frá rekstri. Heildaráhrifin á sjóðstreymi A-hluta eru neikvæð um **217 m.kr.** og lækkar þannig handbært fé í árslok úr **17.061 m.kr.** í **16.844 m.kr.** Gert er ráð fyrir að öll markmið fjármálastefnu séu uppfyllt þrátt fyrir þessar breytingar.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að tilefni sé til að taka tillit til breyttra forsenda um framangreinda liði og breyta fjárhagsáætlun A-hluta til samræmis. Fjárhagsáætlanir B-hluta fyrirtækja hafa ekki verið rýndar m.t.t. breytinga á forsendum nýrrar þjóðhagsspár. Komi til breytinga síðar meir á áætlunum B-hluta fyrirtækja vegna helstu óvissupátta, kann það að kalla á viðauka við fjárhagsáætlun A-hluta til að tryggja að markmið fjármálastefnu haldi.

Halldóra Káradóttir  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík